



Til að stilla horn bakkans skaltu losa bæði skralhandföngin á hlið bakkans og halla bakkanum í tilætlað horn fyrir notanda og herða vel.



### Sveigjanlegur Shadow Tray bakki


#### Hæð svarta mótaða bakka / margstillanlega bakka

Til að stilla hæð bakka skaltu losa hnappana á hlið einingarinnar og stilla í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.



### Dýpt margstillanlega bakka

Losaðu hnappinn undir bakkanum, dragðu hann eða ýttu honum í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.



### Horn margstillanlega bakka

Til að aðlaga bakkahornið skaltu losa skrallhandföngin á báðum hliðum bakkans og stilla í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.



### Margstillanlegur sveigjanlegur bakki

Losaðu aðeins um hnappinn á annarri hliðinni þar til þú getur sveiflað bakkanum frá þér. Hægt er að sveifla bakkanum bæði til vinstri og hægri.



### Margstillanlegur sveigjanlegur bakki


Sveiflaðu bakkanum í burtu til að flutningur sé mögulegur. Athugasemd: Losaðu hnappana á báðum hliðum bakkans til að fjarlægja bakkann.




- ⚠ **Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplötunna á meðan notandinn er í standandi stöðu.
- ⚠ **Varúð:** Forðastu að setja fingurna í aðlögunarraufina.

### Staðlaðar fótplötur


**Hæð-**Stöðluðu fótplötunna eru aðeins með hæðarstillingu. Losaðu klemmuna sem tengir fótfestinguna við sætisstaurinn til að stilla hæð fótplötunnar.



**Fráfærsla-**Losaðu hnappana til að renna fótplötunum saman. Hertu hnappana vandlega.




**Tá-inn/Tá-út-**Losaðu hnappana undir fótplötunum, renndu fótplötunum á sinn stað. Hertu hnappana vandlega.



### Staðlaðir hnépúðar


Aðeins er hægt að aðlaga dýpt, hæð og snúning púða fyrir staðlaða hnépúða. Til að aðlaga hnépúða skaltu losa hnappana og færa í stöðu. Hertu vel eftir að tilætlaðri stöðu hefur verið náð.




⚠ **Varúð:** Eingöngu er hægt að aðlaga hnépúða með notanda í sitjandi stöðu.

### Margstillanlegar fótplötur


**iljar/bak-**Losaðu skralhandföngin til að halla fótplötum. Hertu vel.



**Framan/aftan-**Láttu hnappana undir fótplötunum, renndu fótplötunum í stöðu. Hertu hnappana vandlega.




**Fráfærsla-**Losaðu skralhandföngin til að ýta fótplötunum í sundur, hertu vel. Losaðu hnappana undir fótplötunum og renndu fótplötunum í sundur. Hertu hnappana vandlega.




### Sveigjanlegir hnépúðar

Sveigjanlegu hnépúðarnir sveiflast frá ef rauða hnappnum er þrýst niður, einnig er hægt að aðlaga breidd og hæð þeirra. Hertu vel eftir að tilætlaðri stöðu hefur verið náð.




### Færanlegur valkostur

Til að læsa eða opna drifhjólin skaltu snúa drifhjólalásnum einn fjórða snúning. Notaðu aðlögun ýtubrúnarinnar til að staðsetja ýtubrúnnarinnar í fram- eða afturstöðu, fyrir flutninga eða sjálfkeyrslu. Hertu til að læsa þeim.




### Höfuðstuðningur

Til að stilla dýpt höfuðstuðningsins skaltu losa hnappinn á bakhlið höfuðpúðans og renna í viðkomandi stöðu. Hertu vel.



Til að stilla horn höfuðstuðningsins skaltu losa skralhandfangið og koma því fyrir í þeirri stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.



Til að stilla hæð höfuðstuðningsins skaltu losa hnappinn og færa í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.



# Aðlögun og notkun-Bantam Medium\*

Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.

\*Ef bakleguvalkostur var pantaður skal vísa til síðu 23 varðandi notkun.

⚠ **Varúð:** Ekki aðlaga sætisdyptina á meðan notandinn er í einingunni.

⚠ **Varúð:** Gakktu úr skugga um að litirnir á sætisrörinu og fylgiarmi passí saman.

## Sætisdýpt

1. Gakktu úr skugga um að stjórnandi sé í „Sit-to-Stand“ (sitjandi-í-standandi) stöðu áður en sætisdypt er stillt. Sætið ætti að lækka í sitjandi stöðu til að auðveldast sé að aðlaga það.

2. Losaðu um hnappinn á ytri hægri hlið sætisrörsramma undir sætinu. Einn heill snúningur ætti að nægja.

3. Með annarri hendinni skaltu styðja við bakið (ef það er útbúið) og ýta á fjöðurhnappinn utan á vinstri hlið sætisrörsins undir sætinu. Notaðu bakið sem lyftistöng og færðu sætisdyptina að þeirri stillingu sem óskað er eftir með því að fylgja litnum. Ef sætisdypt hreyfist ekki án fyrirstöðu, skaltu athuga sætisáklæðið fremst á sætinu til að tryggja að hægt sé að renna því til án fyrirstöðu með stækkanlega sætisyfirborðinu, þú gætir þurft að rífa það frá franska rennilásnum. Franskur rennilás er notaður til að festa það framan á eininguna.

Hertu hnappinn aftur við þetta tækifæri. Ef einingin er ekki útbúin baki þá er aðlögun lokið. Annars getur þú haldið áfram.

4. Losaðu hnappinn á fylgiarminum.

5. Á meðan önnur höndin styður við afturhlutann skaltu ýta gráu stimpilstönginni í miðju hnappsins þar til hún er að fullu opin. Haltu síðan áfram að losa hnappinn þar til þú finnur fyrir viðnámi. EKKI halda áfram að snúa hnappnum rangsælis. Að þvinga hnappinn framhá stoppinu mun skemma vélbúnaðinn.

⚠ **Varúð:** Gakktu úr skugga um að önnur höndin styðji við afturhlutann ef gráu stimpilstönginni er snúið mun afturhlutinn hreyfast frjálst.

6. Notaðu bakið sem lyftistöng og aðlagaðu fylgiarm þannig að liturinn í vísisglugganum passí við litinn á fylgiarminum (vísisgluggi eins og sjá má á mynd).


Slepptu gráu stimpilstönginni til að endurfesta læsingastimplana við klemmuhnappana. Þú gætir þurft að herða hnappinn að hluta til og hreyfa afturhlutann lítillega til að læsipinninn komist í „home“ (heima) stöðu. Lokaðu gráu stimpilstönginni að fullu og hertu hnappana vel.

7. Eftir að þú hefur náð tilætlaðri sætisdypt skaltu snúa aðlögunarhnappnum fyrir bakhornið þannig að sæti/bak sé við rétt horn.



### Mjaðmastuðningur

Hægt er að fjarlægja valkvæða mjaðmastuðninginn fyrir flutninga. Breidd mjaðmastuðningsins er hægt að aðlaga með því að losa hnappana undir sætinu. Hertu alltaf vel.



Hliðarstuðningi fylgir fjöldi gata fyrir fylgibúnað á bakhlið púðans sem gerir kleift að bæta við fleiri lóðréttum og láréttum stöðum. Einnig er hægt að festa púðana í beinni stöðu, 90°, 180° eða 270°.

Mjaðmastuðningi fylgir fjöldi gata fyrir fylgibúnað á bakhlið púðans sem gerir kleift að bæta við fleiri lóðréttum og láréttum stöðum. Einnig er hægt að festa púðana í beinni stöðu, 90°, 180° eða 270°.



### Hliðarstuðningur

Hægt er að fjarlægja valkvæða hliðarstuðning fyrir flutninga. Breidd hliðarstuðningsins er hægt að stilla með því að losa hnappana aftan á einingunni. Hertu alltaf vel.



### Bak valkostur

Til að stilla bakhornið skaltu stilla hnappinn í viðkomandi stöðu.



Gakktu úr skugga um að allt passi vel og að engar truflanir séu með því að færa eininguna í fulla standandi stöðu og færa hana aftur í sitjandi stöðu án þess að notandi sé sitjandi í einingunni. Vegna margvíslegra aðlögunarmöguleika sem í boði eru, getur verið að púðarnir virki ekki sem skyldi í öllum stillingum eða uppsetningum.



### Hnépúði


Til að aðlaga hnépúða skaltu losa hnappana og færa í stöðu. Hertu vel eftir að tilætlaðri stöðu er lokið. Aðeins er hægt að aðlaga dýpt og snúning púða fyrir staðlaða hnépúða. Sveigjanlegu hnépúðarnir sveiflast frá ef rauða hnappnum er þrýst niður, einnig er hægt að aðlaga breidd og hæð þeirra.

### Fótplötur

Stilltu fótplötuna með því að losa rauða skrallhandfangið á fótplötunni upp eða niður og að viðkomandi horni og hertu vel. Fótplötur geta verið öfugar fyrir aukili svið.

**Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplöturnar á meðan að notandinn er í standandi stöðu.

**Varúð:** Eingöngu er hægt að aðlaga hnépúða með notanda í sitjandi stöðu.



### Höfuðstuðningur

Til að stilla hæð höfuðstuðningsins skaltu losa hnappinn aftan á bak valkostinum, færa í þá stöðu sem óskað er eftir og herða vel.

Til að stilla hæð höfuðstuðningsins skaltu losa hnappinn aftan á höfuðpúðanum, renna í þá stöðu sem óskað er eftir og herða vel.

Til að stilla horn höfuðstuðningsins skaltu losa skrallhandfangið og koma því fyrir í þeirri stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.





**Varúð:** Sérstök aðgát skal höfð ef bakkinn er stilltur á meðan sjúklingur situr í einingunni til þess að tryggja að hann njóti stuðnings bringuvestis, ólar á bringu eða sambærilegs stuðningsbúnaðar. Hliðlægum stýringum einum og sér, jafnvel á módelum með sveigju inn á við að framan, ætti ekki að treysta sem stuðningi að framan.

**Varúð:** Aldrei má stilla eða fjarlægja bakkann á meðan sjúklingur er standandi eða að hluta til standandi.

### Stilling á Shadow Tray

Til að stilla dýpt bakka, losaðu þá alla hnappa að fullu eins og sýnt er. Næst skal snúa gráu stimpilstönginni í miðju hvers hnapps þannig að það opnast að fullu og smelli. Haltu áfram að losa hnappinn þar til þú finnur fyrir viðnámi. EKKI halda áfram að snúa hnappnum rangsælis. Að þvinga hnappinn framhjá stoppinu mun skemma vélbúnaðinn.

Nú er hægt að fjarlægja bakkann alfarið eða aðlagga hann að þeirri stöðu óskað er eftir með því að nota smelliöldstöðurnar til tilvísunar.

Slepptu gráu stimpilstöngunum til að endurfesta læsingastimplana við klemmuhnappana. Þú gætir þurft að herða hnappana að hluta til og hreyfa bakkann lítillega fram og til baka til að læsipinnarnir komist í „home“ (heimastöðu) stöðu. Lokaðu gráu stimpilstöngunum að fullu og hertu hnappana til að festa bakkann.

Til að stilla halla bakkans, losaðu eina handfestingu sem nemur u.þ.b. tveimur snúningum á hvorri hlið bakkans þar sem framlengingarsnúður eru festar, eins og sýnt er. Haltu við bakkann með annarri hendi áður en seinni handfesting er losuð að fullu.



Stilltu bakkann í þann halla sem óskað er eftir og hertu báðar handfestingar vel.



### Stilling á sveigjanlega Shadow Tray bakanum

Til að sveigja bakkann frá, losaðu einn hnapp og sveigðu bakkann frá.



Til að stilla dýpt bakkans, losaðu hnapp undir bakanum, stilltu í þá dýpt sem óskað er eftir og hertu vel.



Til að stilla halla bakkans, losaðu eina handfestingu sem nemur u.þ.b. tveimur snúningum á hvorri hlið bakkans þar sem framlengingarsnúður eru festar, eins og sýnt er. Haltu við bakkann með annarri hendi áður en seinni handfesting er losuð að fullu.




Stilltu í þann halla sem óskað er eftir og hertu vel.



### Stilling á sveigjanlegum bakka og Shadow Tray

Til að stilla bakkahæðina, losaðu hnappana á bakhlíð einingarinnar og stilltu í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu hnappana vandlega.



## Stjórnandanotkun-Bantam vörur *Farðu á [easystand.com/videos](http://easystand.com/videos) til að fá sjá myndband um notkun stjórnandans.*

Hannað til að vera auðvelt í notkun og vera öruggt og þægilegt fyrir notanda, stjórnandinn (eins og sýnt er) er eini stýripunkturinn fyrir baklegu valkostinn.

Stjórnandinn er með 3 stöður:  
Hlutlaust, sitjandi-í-standandi og baklega

Það er fjaðurhlaðinn öryggiskragi (rauður á litinn) sem kemur í veg fyrir að óvart sé skipt á milli stillinga. Það verður að lyfta því upp í kúplingshnappinn áður en hægt er að breyta um stillingu.

### Sitjandi-í-standandi stilling

Einingin er læst í sitjandi-í-standandi stillingu þegar fótfestingin er læst við grunngrindina.

Athugaðu að þrátt fyrir að stjórnandi sé í sitjandi í standandi stillingu, þá þarf að koma fótfestufestingunni hornrétt við gólfið og læsa henni niður. Ef festingin er ekki þegar í stöðu er hægt að ná þessu með því að ýta á baklegustoð handfangið á hliðinni.

Hlustaðu eftir smellihljóði sem gefur til kynna að einingin sé læst í sitjandi í standandi stillingu.

Ef þú getur fært bakstuðninginn eða fóttuðninginn fram eða aftur, er einingin enn ekki læst í sitjandi í standandi stillingu.

Sitjandi í standandi stillingin gerir notandanum kleift að fara á milli sitjandi og standandi stöðu. Sveigipunktur mjaðmar og hnés eru sveigjanlegir og viðhalda stöðugum hornum fyrir bak- og fóttastuðningsfestinguna.

**Mikilvægt:** Allar sætisdyptir og eftirfarandi armstillingar ætti að gera með stjórnandann í sitjandi-í-standandi stillingu.

### Hlutlaus stilling

Eingöngu má setja stjórnandann í hlutlausa stöðu þegar skipt er á milli sitjandi-í-standandi stillingar og baklegustöðu stillingar.

Ekki láta stjórnandann vera í hlutlausri stöðu með manneskju í Bantam búnaði.

Hlutlausa staðan gerir það að verkum að fótfestingastuðningurinn og bakstuðningurinn geta hreyfst frjáslega við mjaðmar- og hnjásnúningpunkta og geta farið í fulla baklegu eða baklegu að hluta.


⚠ **Varúð:** Ef aðlögun á bakhorni hefur verið hallað áður en skipt er yfir í hlutlausa stillingu mun magn halla verða áfram miðað við fyrri stillingu. Til dæmis, ef bakið er stillt í 10 gráður sem hallað er á meðan sjúklingurinn er sitjandi, verður bakstoðið 10 gráður FYRIR NEÐAN samsíðalínu sætisins ef einingin er stillt á fulla baklegu. Til að auka þægindi og öryggi sjúklingsins verður notandi eða meðferðaraðili að gera sér fulla grein fyrir aðlögun á bakhorni og þarf að staðfesta að „sami litur“ sé fyrir sætisdyptina og fylgiarminum ÁÐUR en skipt er yfir í hlutlausa eða baklegu stillingu.

Bantam Extra Small  
Bantam Small

Sitjandi-í-standandi stilling



Bantam Medium



Hlutlaus stilling



## Notkun stjórnanda- (frh.)

### Baklegustilling

⚠ **Varúð:** Rétt mátaðan og aðlagan höfuðpúða VERÐUR að nota með baklegu valkostinum.

Bantam með baklegu valkostinum virkar bæði sem sitjandi-í-standandi stöðubúnaður og baklegu stöðubúnaður. Það er hægt að skipta um ham að vild með öruggum hætti án þess að það þurfi að taka notandann úr stöðubúnaði.

⚠ **Varúð:** Ekki aðlaga bakhorn í baklegustillingu.


- Einingin er læst í baklegustillingu um leið og stjórnandi er stilltur í þá stöðu.
- Fótfestingastuðningurinn og bakstuðningurinn eru læst hver við annan í baklegustillingu. Þegar legið er að hluta í bakleguham eða að fullu, er hægt að lyfta notandanum í upprétta stöðu eða fara niður í hallandi stöðu.
- Ef einingin er læst í baklegustillingu má að lyfta einingunni að gólfi, þar sem fótfestingastuðningurinn kemur hornrétt á gólfið. **EKKI HALDA ÁFRAM AÐ LYFTA EININGUNNI LENGRA EN SEM NEMUR ÞESSUM PUNKTI.** Ef reynt er að neyða eininguna til að lyfta lengra en sem nemur stöðvunarpunktinum gæti það valdið skemmdum á einingunni.
- Einingin er útbúin Mechlok-hjáveitu. Þessi vélbúnaður kemur í veg fyrir skemmdir á íhlutum ef búnaður er látinn lyfta of langt á meðan hann er í stillingunni „Supine“ (baklega). Ef þú ert í baklegu stillingu með fótfestuáhluta upp við sætisúluna (lóðrétt) þá virkjar það Mechlok hjáveituna. Ef þú vilt halda baklegu stöðu á meðan sætið er lækkað er nauðsynlegt að toga í handfangið fyrir bakleguástoð sem nemur nokkrum gráðum á meðan einingin er lækkuð þar til Mechlok hjáveitan virkjust. Sé þetta ekki gert mun stöðubúnaðurinn haga sér eins og hann sé í „Sit-to-Stand“ (Sitjandi-í-standandi) stillingu, sem gerir notandanum kleift að snúa aftur í sitjandi stöðu.

⚠ **Varúð:** Þegar þú ert í baklegustillingu, ef mörkunum er náð þar sem fótfestingin er hornrétt við gólfið, en notandinn vill halda áfram í uppréttari stöðu, verður þú að skipta stjórnandanum yfir á sitjandi-í-standandi ham. Þetta gerir notandanum kleift að halda áfram í áttina að uppréttari stöðu án þess að skemma eininguna. Takmörkunarrofi fyrir baklegustillingu rífur straum í hreyfinn þegar fótfestuáhaldarinn er hornrétt við gólfið og kemur í veg fyrir að einingin ferðist of langt, sem gæti valdið skemmdum á einingunni.

Bantam Extra Small  
Bantam Small  
Baklegustilling



Bantam Medium



Bantam Extra Small  
Bantam Small  
Baklegustilling



Bantam Medium  
Baklegustilling



Bantam Extra Small  
Bantam Small  
Hlutlaus stilling



Bantam Medium  
Hlutlaus stilling



Bantam Extra Small  
Bantam Small  
Sitjandi-í-standandi  
stilling



Bantam Medium  
Sitjandi-í-standandi  
stilling



# Aðlögun og notkun-Evolv vörulína

Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.

⚠ **Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplöturnar á meðan að notandinn er í standandi stöðu.

## Sætisdýpt/bakhorn/bakhæð

Fjarlægðu Shadow Tray bakkann og færðu horn sætisins upp örlítið.

1. Losaðu um hnappinn á sætisrörinu sem er staðsettur undir sætinu. Ekki losa sætisdýptarhnappinn alveg þegar verið er að aðlaga sætið.

Ýttu á fjaðurhnappinn og aðlagaðu bakið þannig að mjaðmarsnúningsásinn sé sem næst mjöðmum notandans. Hertu sætisdýptarhnappinn vel.

*Athugasemd: Aðlagaðu bakhorn eftir hverja sætisdýptarbreytingu.*

2. Notaðu hnappinn sem er staðsettur á fylgiarminum til að aðlaga bakhornið. Áður en staðið er upp, verður að stilla bakhornið þannig að vísirinn á hlið einingarinnar sé á græna svæðinu.

Bak-/sætishornsvísirinn er staðsettur á hlið einingarinnar. Þegar einingin er í sitjandi stöðu gefur græna svæðið til kynna bakhornið.

⚠ **Varúð:** Áður en staðið er, verður sætis-/bakhornsvísirinn að vera á græna svæðinu. Sé bakhornið ekki komið á græna svæðið áður en staðið er, getur valdið því að einingin læsist í standandi stöðu og valdið skemmdum á einingunni.

## Bakki/frampúði

3. Til að stilla hæðina á bakka/frampúða skaltu losa klemmuna sem er staðsett rétt fyrir ofan framsúluna. Lyftu bakkanum í tilætlaða hæð fyrir notanda og hertu klemmuna.

Til að aðlaga dýpt bakka/frampúða skaltu losa klemmuna sem er staðsett rétt fyrir neðan bakkann. Færðu frampúða í tilætlaða stöðu fyrir notanda og hertu klemmuna.

⚠ **Varúð:** Gættu þess að hafa hendurnar fjarri svæðinu undir bakkanum þegar þú lækkar hæð bakkans.

## Hnépúði

4. Til að stilla dýpt hnépúðans skaltu losa skralhandfangið og færa í stöðu. Hertu skralhandfangið þegar tilætlaðri stöðu er náð.

Staðsettu hnépúðann þannig að hné notandans sé fyrir miðju hnépúðans og aðeins tveir fingur passi á sætisins og aftan á fótleggnum.


1




2



3



4



## Fótplötur

- ⚠ **Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplöturnar á meðan að notandinn er í standandi stöðu.

5. Losaðu klemmuna sem tengir fótfestinguna við sætissstaurinn til að stilla hæð fótplötunnar fyrir staðlaða fótplötu. Margstillanlegar fótplötur er hægt að aðlaga í hæð og fyrir iljar/bak.

Stilltu hæð fótfestingarinnar þannig að hné notandans sé eins nálægt snúningsás sætisins og mögulegt er. Lærbeinin ætti að hvíla á sætinu, og halla örlítið niður á við.

Hertu klemmuna vel.

- ⚠ **Varúð:** Forðastu að setja fingurna í aðlögunarraufina.

6. Fótplötunum er hægt að færa út í 4 mismunandi stöður (tá út) með því að fjarlægja boltann undir frambrún fótplötunnar með sexkanti og lyfta upp og snúa fótplötunni. Gakktu úr skugga um að fótplötuakið sé staðsett í einum af fjórum raufunum. Settu boltann aftur í fótplötuna þegar búið er að ná þeirri stöðu sem óskað var eftir.

## Mjaðmastuðningur

7. Mjaðmastuðningur er valkvæður og hægt er að fjarlægja valkvæða mjaðmastuðninginn fyrir flutninga. Breidd mjaðmastuðnings er hægt að aðlaga með því að losa hnappana undir sætinu. Hertu alltaf vel.

Mjaðmastuðningi fylgir fjöldi gata fyrir fylgibúnað á bakhlíð púðans sem gerir kleift að bæta við fleiri lóðréttum og láréttum stöðum. Einnig er hægt að festa púðana í beinni stöðu, 90°, 180° eða 270°.



Gakktu úr skugga um að allt passi vel og að engar truflanir séu með því að færa eininguna í fulla standandi stöðu og færa hana aftur í sitjandi stöðu án þess að notandi sé sitjandi í einingunni þar sem það getur verið að púðarnir virki ekki fullkomlega í öllum stöðum.

## Hliðarstuðningur

8. Hliðarstuðningur er valkvæður og hægt er að fjarlægja valkvæða hliðarstuðning fyrir flutninga. Breidd hliðarstuðningsins er hægt að stilla með því að losa hnappana aftan á einingunni. Dýpt hliðarstuðningsins er hægt að stilla með því að losa hnappinn á hlið einingarinnar. Hertu alltaf vel.

Hliðarstuðningurinn er með fjölda gata fyrir fylgibúnað á bakhlíð púðans sem gerir kleift að bæta við fleiri lóðréttum og láréttum stöðum. Einnig er hægt að festa púðana í beinni stöðu, 90°, 180° eða 270°.

Gakktu úr skugga um að allt passi vel og að engar truflanir séu með því að færa eininguna í fulla standandi stöðu og færa hana aftur í sitjandi stöðu án þess að notandi sé sitjandi í einingunni þar sem það getur verið að púðarnir virki ekki fullkomlega í öllum stöðum.




## Shadow Tray-Aðlögun bakka og bringupúða

⚠ **Varúð:** Eftir að hafa velt bakkanum upp, vertu viss um að koma læsingarbúnaðinum aftur fyrir. Sé það ekki gert gæti bakkinn dottið skyndilega.

⚠ **Varúð:** Foraðstu að láta fingur nálægt bakkarrörunum eða hæðastillingarraufunum.

**MYND A-** Til að stilla hæð stillanlega bringupúðans, skaltu losa hnappinn og færa þig í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel.

**MYND B-** Til að aðlaga dýpt frampúða, skaltu losa hnappinn sem er staðsettur fyrir neðan bakkann. Færðu frampúða í tilætlaða stöðu fyrir notanda og hertu hnappinn. Til að snúa bakkanum upp, dragðu læsibúnaðinn út, snúðu og lyftu honum. Til að aðlaga hæð stuðningsarmsins notaðu stilliskrúfuna til að stilla í þá stöðu sem óskað er eftir.



## Shadow Tray-Dýpt og hæð bakkarmsins



1. Dragðu tauermina niður til að fletta ofan af neðra bakkarörinu og fjarlægðu svörtu hlífðarhettuna.



2. Notaðu sexkant og 13 mm skiptilykil til að fjarlægja róna og skinnuna.



3. Fjarlægðu boltann.  
*Athugasemd: Þú gætir þurft aðstoð við að losa þrýsting á boltanum með því að færa bakkann.*



4. Fjarlægðu bakkann.



5. Fjarlægðu svörtu hlífðarhettuna af rónni. Notaðu sexkant og 13 mm skiptilykil til að fjarlægja róna og skinnuna.



6. Settu bakkaarminn í þá stöðu sem óskað er eftir.



7. Stingdu boltanum inn. Settu skinnu og ró á boltann og hertu vel. Settu svarta hlífðarhettu yfir róna.



8. Stingdu bakkarrörinu í bakkafestinguna í þeirri hæð sem óskað er eftir.



9. Hertu vel með sexkanti og 13 mm skiptilykli.




10. Settu svarta hlífðarhettu yfir róna.



11. DRAGÐU TAUERMINA YFIR BAKKARÖRIÐ EINS OG SÝNT ER.



12. Dragðu tauermina niður yfir stuðningsarminn svo það sjáist í boltann. Fjarlægðu svörtu hlífðarhettuna á stuðningsarminum.




13. Notaðu sexkant og 13 mm skiptilykil til að fjarlægja róna og skinnuna. Settu í þá stöðu sem óskað er eftir. Hertu vel með sexkanti og 13 mm skiptilykli. Settu svarta hlífðarhettu yfir róna.



14. Notaðu sexkant til að stilla hæð stuðningsarmsins til að stilla af bakkann.



15. Stuðningsarmur verður að styðja við bakkann eins og sýnt er.



Stillanlegi shadow tray bakkinn er með 6 hæðar- og 6 dýptarstillingarauifar.



# Aðlögun og notkun-Glider vörulína

Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.

⚠ **Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplöturnar á meðan að notandinn er í standandi stöðu.

## Sætisdýpt/bakhorn/bakhæð

Færðu sætið upp í dálítinn halla.

Losaðu um hnappinn á sætisrörinu sem er staðsettur undir sætinu. Ekki losa sætisdýptarhnappinn alveg þegar verið er að aðlaga sætið.

Ýttu á fjaðurhnappinn og aðlagaðu bakið þannig að mjaðmarsnúningsásinn sé sem næst mjöðmum notandans. Hertu sætisdýptarhnappinn vel.

*Athugasemd: Aðlagaðu bakhorn eftir hverja sætisdýptarbreytingu.*

Notaðu hnappinn sem er staðsettur á fylgiarminum til að aðlaga bakhornið. Áður en staðið er upp, verður að stilla bakhornið þannig að vísirinn á hlið einingarinnar sé á græna svæðinu.

Bak-/sætishornsvísirinn er staðsettur á hlið einingarinnar. Þegar einingin er í sitjandi stöðu gefur græna svæðið til kynna bakhornið.

⚠ **Varúð:** Áður en staðið er, verður sætis-/bakhornsvísirinn að vera á græna svæðinu. Sé bakhornið ekki komið á græna svæðið áður en staðið er, getur valdið því að einingin læsist í standandi stöðu og valdið skemmdum á einingunni.

## Bakki/frampúði

Til að stilla hæðina á bakka/frampúða skaltu losa klemmuna sem er staðsett rétt fyrir ofan grunnflötinn. Lyftu bakkanum í tilætlaða hæð fyrir notanda og hertu klemmuna.

Til að aðlaga dýpt bakka/frampúða skaltu losa klemmuna sem er staðsett rétt fyrir neðan bakkan. Færðu frampúða í tilætlaða stöðu fyrir notanda og hertu klemmuna.


⚠ **Varúð:** Gættu þess að hafa hendurnar fjarri svæðinu undir bakkanum þegar þú lækkar hæð bakkans.




Græna svæðið



### Svifhandföng




### Hnépúðar



### Fótplötur



### Hnépúðar



## Svifhandföng

Til að stilla hæð svifhandfanganna skaltu losa skrallklemmurnar. Aðlagðu handföngin að þeirri stöðu sem notandi óskar eftir og hertu klemmurnar vel.

Hægt er að aðlaga báða stöku viðnámsbólkana þannig að þeir veiti tólf mismunandi viðnámsstillingar. Snúðu hettunni á hólknunum í tilætlað viðnám. Einnig er hægt að aftengja viðnámsbólkana með því að aftengja togpinnann.

## Fótplötur

Aðlagðu fótplöturnar með því að losa hnappana tvo á hvorri fótplötunni (til að auðvelda aðgang að innri hnappnum, sveiflaðu fótahlutanum fram á við), þannig að hné notandans sé fyrir miðju hnépúðanna og lærleggurinn hvíli á sætinu. Hertu vel.

⚠ **Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplöturnar á meðan að notandinn er í standandi stöðu.

⚠ **Varúð:** Forðastu að setja fingurna í aðlögunarraufina.

## Hnépúðar

Oft er hægt að láta þá passa með því að aðlaga hæð fótplötunnar. Þegar nauðsyn krefur er hægt að aðlaga hnépúðana eina og sér með fimm stillingum. Til að aðlaga hnépúðana skaltu fjarlægja boltana úr hnépúðunum og aðlaga í þá stöðu sem óskað er eftir. Settu boltana aftur í og hertu vel.

Veltu upp hnépúðunum fyrir flutninga til að auðvelda aðgengi.

⚠ **Varúð:** Aldrei gera breytingar á EasyStand á meðan notandi er í standandi stöðu.

⚠ **Varúð:** Þegar þú notar Glider skaltu ráðleggja folki að halda höndum og fótum fjarri Glider vélbúnaðinum.

⚠ **Varúð:** Þegar Glider er notaður skaltu gæta þess að halda höndunum utan við efri og neðri festipunkta viðnámsbólksins.


# Aðlögun og notkun-StrapStand

Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.

⚠ **Varúð:** Aldrei endurstaðsetja fótplötunna á meðan að notandinn er í standandi stöðu.

## Fótplötur

Til að stilla fráferslu (tá út) fótplatna skaltu losa hnappinn undir frambrún fótplötunnar með sexkanti. Lyftu upp og snúðu fótplötunni í viðkomandi stöðu. Gakktu úr skugga um að fótplatan sé staðsett í einni af raufunum (3 stöður fyrir venjulegar fótplötur, 4 stöður fyrir valfrjálsar, margstillanlegar fótplötur) og festu aftur með boltanum.



## Margstillanlegar fótplötur


Losaðu klemmuna sem tengir fótfestinguna við grunnflötinn til að stilla hæð fótplötunnar og iljar/bak.

Stilltu hæð fótplötunnar þannig að hné notandans sé fyrir miðju hnépúðans. Hertu klemmuna vel.

⚠ **Varúð:** Forðastu að setja fingurna í aðlögunarraufarnar.

## Hnépúði


Til að aðlaga dýpt hnépúðans skaltu losa hnappinn og færa í stöðu. Hertu hnappinn þegar búið er að ná tilætlaðri stöðu. Til að aðlaga hæð hnépúðans skaltu losa hnappinn bak við hnépúða og færa í stöðu. Hertu hnappinn þegar búið er að ná tilætlaðri hæð.




## Bakki

Til að stilla hæðina á bringupúðanum eða valfrjálsa bakknum, skaltu losa klemmuna sem er staðsett rétt fyrir ofan grunnflötinn. Lyftu bakknum í tilætlaða hæð og hertu klemmuna.

Til að aðlaga dýpt bringupúðans eða valfrjálsa bakkans, skaltu losa klemmuna sem er staðsett rétt fyrir neðan bakkann. Færðu frampúða í tilætlaða stöðu og hertu klemmuna.



⚠ **Varúð:** Gættu þess að hafa hendurnar fjarri svæðinu undir bakknum þegar þú lækkar hæð bakkans.



# Pow'r Up Lift valkostur\* \*á aðeins við ef eining er útbúin.

## Zing Size 2, Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan

### Hleðsla rafhlöðunnar

EasyStand Pow'r Up Lift notar tvær 12 volta innsiglaðar blýraflöður sem metnar eru 2,9 amper hvor. Með EasyStand er hægt að lyfta um það bil 100 sinnum með einni fullhlaðinni rafhlöðu. Tónn mun hljómar sem gefur til kynna hvenær hleðsla rafhlöðunnar er lág. Hladu rafhlöðuna eftir að þú heyrir tóninn. Rafhlaða sem þarf að vera fullhlaðin þarf að fá að vera í hleðslu í u.þ.b. 8 klukkustundir. Hægt er að hækka EasyStand í standandi stöðu þegar hann er hlaðinn. Þessi aðgerð hleðslutækisins er til að greina að rafhlaða sé fullhlaðin og veita síðan stöðuga spennu frá afgangi til að halda rafhlöðunni fullhlaðinni án ofhleðslu. Þegar innri spenna rafhlöðunnar nær forstilltum verksmiðjumarki mun hleðslutækið ekki leyfa að hámarks úttgangsspennunni að fara umfram það mark. Þessi verksmiðjustilling ver rafhlöðuna gegn of mikilli tæmingu raflausnar, sem getur gerst við ofhleðslu. Hleðslutækið er að finna í verkfærapokanum aftan á einingunni.

⚠ **Varúð:** Notaðu aðeins Linak hleðslutækið, gerðarnúmer 0CH01S-00, veitt af Altimate Medical með Pow'r Up valkostinum.

1. Stingdu í innstungu. Lengd rafmagnssnúru hleðslutækisins er 203 cm (80 tommur). Ljósíð á hleðslutækinu verður grænt sem gefur til kynna opna hringrás.

2. Stingdu hleðslutækinu í samband á hlið handstýringarinnar. Ljósíð á hleðslutækinu verður gult sem gefur til kynna að rafhlöðurnar séu að hlaða sig. Lengd handstýringarsnúrunnar er 76 cm (30 tommur), inndregin.

3. Einingin kemur úr sambandi við rafhlöðuna, stingdu í samband hvítu snúrunni sem leiðir rafmagn í hreyfinn og svörtu snúrunni sem leiðir rafmagn í fjarstýringuna. Svarta snúran er með hak til að beina tenglinum rétt. Það þarf að hlaða rafhlöðuna að fullu fyrir notkun.

Athugasemd: Hvíta snúran er með gúmmískinnu, sem þýðir að hún loðir mjög vel við og það getur stundum verið erfitt að ýta henni alla leið inn, vertu viss um að ýta snúrunni alla leið inn í rafhlöðuna.

4. Þegar rafhlöðurnar eru hlaðnar verður ljósíð á hleðslutækinu grænt.

5. Þú skalt hlaða rafhlöðurnar að fullu á þriggja mánaða fresti eða oftar þegar gert er hlé á notkun vörunnar eða hún ekki notuð.


⚠ **Viðvörðun:** Fjarlægðu alltaf rafhlöðuna úr þessum búnaði ef líklegt er að búnaðurinn verði ekki notaður í einhvern tíma.

**Lyfta hækkuð** - Ýttu á „UP“ (ör upp) hnappinn á handstýringunni til að lyfta sætinu upp.


**Lyfta lækkuð** - Ýttu á „DOWN“ (ör niður) hnappinn á handstýringunni til að lækka sætið.

⚠ **Varúð:** Gakktu úr skugga um að snúrurnar séu tryggilega festar í samræmi við notkunarleiðbeiningar. Ekki láta snúrurnar dragast eftir gólfinu eða krækjast í hluti. Poki er settur á aftari grindina til að halda utan um rafmagnssnúruna þegar hún er ekki í notkun.


### HANDSTÝRINGIN ER HLUTI MEÐ SJÚKLINGATENGINU AF GERÐ BF.



### Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan



### Zing Size 2



## Endurnýja rafhlöðu

Rafhlöðurnar eru staðsettar í stjórnkassa Pow'r Up Lift (svarti kassinn þar sem snúrunum er stungið í samband). Þegar endingartíma rafhlaðnanna er náð og það þarf að skipta um þær skaltu ekki opna stjórnkassann; vinsamlegast hafðu samband við þjónustuver Altimate Medical eða söluaðila lækningatækja til að fá upplýsingar um kaup á nýju stjórnboxi til skiptana. Mælt er með því að skipta um rafhlöður á fjögurra ára fresti.

Hafðu samband við þín staðarendurvinnslufyrirvöld til að fá upplýsingar um förgun gömlu rafhlaðnanna.

## IP-gildi

IP-gildið er samkvæmt flokkunarkerfi sem gefur til hversu vel rafbúnaður og umlykjur eru varðar gegn ryki, raka og hnjaski. Pow'r Up Lift íhlutir eru metnir IP21. Skilgreiningin á IP21 er sem hér segir:

**Skilgreining fyrsta stafs: 2** - Varið gegn föstum aðskotahlutum sem eru 12,5 mm í þvermál og stærri.

**Skilgreining á öðrum staf: 1** - Varið gegn vatnsdropum sem falla lóðrétt.

## Rafsegulsamhæfi

Pow'r Up valkvæðir íhlutir hafa verið hannaðir og prófaðir til að uppfylla viðeigandi EMC kröfur. Vandmál með EasyStand út af ófullnægjandi rafsegulsamhæfi eru ólíkleg. Hins vegar, ef þú tekur eftir óvenjulegri hegðun (svo sem með hléum) Pow'r Up valkostsins þíns og EasyStand og verið er að nota nálægt búnaði sem gæti verið að valda truflunum, svo sem farsímum, örbylgjuofnum eða útvarpsmöstrum, gæti það bent til rafsegultruflana. Ef slík hegðun kemur upp skaltu nota vérlæna sleppibúnaðinn til að lækka eininguna niður í sitjandi stöðu og færa EasyStand frá búnaðinum sem veldur truflunum. Vinsamlegast tilkynnið öll tilvik um hugsanlegar rafsegultruflanir til þjónustudeildar AMI.



**VIÐVÖRUN:** Notkun aukabúnaðar, ferjalda og snúra öðrum en þeirra sem framleiðandi þessa búnaðar tilgreinir eða skaffar, gæti haft í för með sér aukna rafsegulsviðsútgeislun eða dregið úr rafsegulónæmi þessa búnaðar og valdið óeðlilegri virkni.

## Að virkja vérlæna neyðarsleppibúnað

Allar Altimate Medical raflyftuvörur eru útbúnar vérlænum sleppibúnaði sem nota má í neyð.

**⚠ Varúð:** Ef vérlæni neyðarsleppibúnaður er notaður sem helsta leiðin til að snúa aftur í sitjandi stöðu getur það valdið skemmdum á einingunni. Notaðu aðeins vérlæna sleppibúnaðinn í neyðaraðstæðum.

Sleppibúnaðurinn gerir notanda kleift að lækka sig í sitjandi stöðu ef svo ólíklega vill til að rafhlaðan missi hleðslu á meðan notandinn er í standandi stöðu. Hreyfirinn dregur sig aðeins til baka ef togað er í sleppibúnaðinn og þyngd er á sætinu. Sleppibúnaðurinn er staðsettur vinstra megin við sætið og er merktur með rauðu merki með orðinu „EMERGENCY“ (NEYÐ).

1. Til að virkja vérlæna neyðarsleppibúnaðinn skaltu draga út hraðlosunarpinnann sem er staðsettur á vinstri hlið sætisins.

2. Kreistu handfangið og ýttu niður á sætið ef nauðsyn krefur.



# Pow'r Up Lift valkostur\* - Bantam Medium

\*á aðeins við ef eining er útbúin honum.

## Hleðsla rafhlöðunnar

EasyStand Bantam Medium Pow'r Up Lift notast við innsiglaðar blýrafhlöður sem metnar eru 5,0 Ah (amperstundir). Með EasyStand Bantam Medium er hægt að lyfta um það bil 80 sinnum með einni fullhlaðinni rafhlöðu. Ljós vísisins fer úr grænu í gult þegar þörf er á að endurhlaða. Rafhlaða sem þarf að vera fullhlaðin þarf að fá að vera í hleðslu í 24 klukkustundir. Hægt er að nota EasyStand Bantam Medium á meðan hlaðið er. Þessi aðgerð hleðslutækisins er til að greina að rafhlaða sé fullhlaðin og veita síðan stöðuga spennu frá afgangi til að halda rafhlöðunni fullhlaðinni án ofhleðslu. Mælt er með því að hafa eininguna í sambandi við rafmagn eins og hægt er til að viðhalda haldhleðsluástandi. Stjórnkassinn er áfram í viðbragðsstöðu og mun á endanum tæma rafhlöðuna. Ef einingin er látin vera úr sambandi ákveðinn tíma verður nauðsynlegt að endurhlaða hana að fullu.

⚠ **Varúð:** Notaðu aðeins snúruna sem fylgdi frá Altimate Medical með Pow'r Up valkostinum. Hafðu samband við þjónustuver Altimate Medical til að panta viðeigandi snúru fyrir þitt land eða svæði.

1. Stingdu í vegginnstungu. Lengd rafmagnssnúru hleðslutækisins er 2 metrar (79 tommur).
2. Þú skalt hlaða rafhlöðuna að fullu í 24 klukkustundir áður en hún er notuð í fyrsta sinn.
3. Notandi getur ekki gert við innri rafhlöður. Hafðu samband við þjónustudeild Altimate Medical til að endurnýja þær ef og þegar þörf er á.

Það er augljóst og sjálfsgefið hvernig á að nota Pow'r Up raflyftuna. Með því að þrýsta handbendisrofanum áfram er hægt að framlengja hreyfing, hækka sætið og með því að ýta rofanum aftur á bak dregst hreyfirinn til baka og lækkar sætið.

⚠ **Varúð:** Bantam Medium Pow'r Up valkosturinn er ekki hannaður til stöðugra nota. Rekstrarlota 5% hámark, 1 mín. / 19 mín.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Fjarlægðu alltaf rafhlöðuna úr búnaðinum ef líklegt er að búnaðurinn verði ekki notaður í einhvern tíma.

**Lyfta hækkuð** - Ýttu rofanum á handstýringunni fram til að lyfta sætinu upp.

**Lyfta lækkuð** - Ýttu rofanum á handstýringunni til baka til að lækka sætið.

**Lyfta stöðvuð** - Slepptu rofanum til að koma í veg fyrir að einingin fari upp eða niður

⚠ **Varúð:** Gakktu úr skugga um að snúrurnar séu tryggilega festar í samræmi við notkunarleiðbeiningar. Ekki láta snúrurnar dragast eftir gólfinu eða krækjast í hluti. Poki er settur á aftari grindina til að halda utan um rafmagnssnúruna þegar hún er ekki í notkun.

Þetta tæki er knúið með innri orku. Mesta útgangsspenna: 24 V DC, 2,9/5 A.

IEC 60601-1 vottaður ytri afgangi með inngang sem er metinn 100-240 Vac. (volt af riðstraumi) er notaður til að hlaða rafhlöðuna. EasyStand Bantam Medium er hannaður til að uppfylla IEC 60601-1-2:2014. Þessi búnaður býr til, notar og getur geislað útværþsbylgjuorku og ef hann er ekki settur upp og notaður í samræmi við leiðbeiningar getur hann valdið skaðlegum truflunum á öðrum tækjum í grenndinni. Hins vegar er engin trygging fyrir því að truflun komi ekki fram við tiltekna uppsetningu. Hægt er að ákvarða skaðlegar truflanir sem þetta veldur öðrum tækjum með því að kveikja og slökva á þessum búnaði. Reyndu að laga truflanirnar með því að gera eitt eða fleira af eftirfarandi:

- Snúa móttökutækinu öðruvísi eða færa það
- Hafa meira bil á milli tækjanna
- Tengja tækið við innstungu á annarri straumrás en þeirri sem önnur tæki eru tengd við

Endingartími rafhlöðunnar veltur á ýmsum þáttum. Til að fá sem lengsta endingu þarf að tryggja að rafhlaðan sé hlaðin. Mælt er með því að hafa eininguna samfellt í sambandi við rafveiturafmagn eins og hægt er til að viðhalda haldhleðslu. Rafhlaðan mun byrja að tæmast þegar hún er tekin úr sambandi við rafmagn. Veigamesti þátturinn við að ákvarða endingu rafhlöðunnar er fjöldi fullra endurhleðslu-/ afhleðslulota. Ef rafhlaðan er tæmd að fullu áður en hún er endurhlaðin, má búast við að það muni draga mjög úr afköstum hennar eftir aðeins u.þ.b. 200 lotur. Endingartími rafhlöðunnar er breytilegur eftir því hvernig hún er notuð. Ef rafhlaðan er geymd í meira en 6 mánuði án hleðslu getur hún skemmst og er þá ekki lengur fær um að halda virkri hleðslu.

Hafðu samband við þjónustudeild Altimate Medical eða söluaðila lækningatækja til að fá aðstoð.


## Kerfisupplýsingar

- Inngangsspenna er 29~45 V DC
- Hámarks útgangsspenna er 24 V DV, 2,9/5 A

## Upplýsingar um rafhlöðu

- Lokastýrð endurhlaðanleg rafhlaða
- Notkunarlota: 14,5~14,9 V
- Notkun í biðstöðu: 13,6~13,8 V
- Upphafsstraumur: undir 1,25A

**Handstýringin er hluti með sjúklingatengingu af gerð BF.**



## Endurnýja rafhlöðu

Ef rafhlaðan hefur lokið endingartíma sínum eða hefur skemmst, týnst eða afköst hennar versnað skaltu hafa samband við þjónustuver Altimate Medical eða söluaðila lækningatækja til að fá upplýsingar um kaup á stjórnkassa til skiptana.

Hafðu samband við endurvinnsluþjónustu á staðnum til að fá upplýsingar um förgun gömlu rafhlaðanna.

**VIÐVÖRUN:** Endurnýjun rafhlaðna skal vera í höndum þjónustuaðila sem hlotið hafa nauðsynlega þjálfun. Ef endurnýjun rafhlaða fer fram með röngum hætti getur það reynst hættulegt. Sjá Upplýsingar um rafhlöður á bls. 31.

### IP-gildi

IP-gildið er samkvæmt flokkunarkerfi sem gefur til hversu vel rafbúnaður og umlykjur eru varðar gegn ryki, raka og hnjaski. Pow'r Up Lift íhlutir, fyrir utan handstýringarbendilinn, eru metnir IP66. Handstýringarbendillinn er ekki metinn og því þarf að gæta þess að hann verði ekki fyrir óhreinum umhverfi og komist ekki í snertingu við vökva. Nota má rakan klút eða hreinsipurrku til að þrifa hann.

Skilgreiningin á IP66 er sem hér segir:

**Skilgreining fyrsta stafs:** 6 - Vörn gegn föstu efni, allt að „rykþétu“ stigi.

**Skilgreining á öðrum staf:** 6 - Vörn gegn vatni sem sprautað með kraftmiklum hætti (12,5 mm stútur) á umlykjuna úr hvaða átt sem er, á ekki að hafa nein skaðleg áhrif. EKKI metið fyrir dýfingar.

### Rafsegulsamhæfi

Pow'r Up valkvæðir íhlutir hafa verið hannaðir og prófaðir til að uppfylla viðeigandi EMC kröfur. Það er ólíklegt að þú lendir í vandræðum með EasyStand vöruna þína vegna ófullnægjandi rafsegulsamhæfi. Hins vegar, ef þú tekur eftir óvenjulegri hegðun (svo sem með hléum) Pow'r Up valkostsins þíns og verið er að nota EasyStand nálægt búnaði sem gæti verið að valda truflunum, svo sem farsímum, örbylgjuofnum eða útvarpsmöstrum, gæti það bent til rafsegultruflana. Ef slík hegðun kemur upp skaltu nota vélræna sleppibúnaðinn til að lækka eininguna niður í sitjandi stöðu og færa EasyStand frá búnaðinum sem veldur truflunum. Vinsamlegast tilkynnið öll tilvik um hugsanlegar rafsegultruflanir til þjónustudeildar AMI.



**VIÐVÖRUN:** Notkun aukabúnaðar, ferjalda og snúra öðrum en þeirra sem framleiðandi þessa búnaðar tilgreinir eða skaffar, gæti haft í för með sér aukna rafsegulviðsútgæislu eða dregið úr rafsegulónæmi þessa búnaðar og valdið óeðlilegri virkni.

## Að virkja vélræna neyðarsleppibúnað

**VARÚÐ:** Ef vélræni neyðarsleppibúnaður er notaður sem helsta leiðin til að snúa aftur í sitjandi stöðu getur það valdið skemmdum á einingunni. Notaðu aðeins vélræna sleppibúnaðinn í neyðaraðstæðum.

Allar Altimate Medical raflyftuvörur eru útbúnar vélrænum sleppibúnaði sem nota má í neyð.

**MYND 1**-Sleppibúnaðurinn gerir notanda kleift að lækka sig í sitjandi stöðu ef svo ólíklega vill til að rafhlaðan missi hleðslu á meðan notandinn er í standandi stöðu. Hreyfirinn dregur sig aðeins til baka ef togað er í sleppibúnaðinn og þyngd er á sætinu. Sleppibúnaðurinn er staðsettur vinstra megin við sætið og er merktur með rauðu merki með orðinu „EMERGENCY“ (NEYÐ).

1. Til að virkja vélræna neyðarsleppibúnaðinn skaltu draga út hraðlosunarpinnann sem er staðsettur undir sætinu.

2. Kreistu handfangið og ýttu því niður ef nauðsyn krefur.

**MYND 1**



### Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - útgeislun rafsegulbylgna

Altimate Medical stöðuvörur eru ætlaðar til notkunar í því rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér að neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi á Altimate Medical stöðuvörum ætti að fullvissa sig um að vörur séu notaðar í slíku umhverfi.		
Útgeislunarprófun	Samkvæmni	Rafsegulumhverfi - Leiðbeiningar
Útvarpsbylgjuútgeislun CISPR 11	Hópur 1	Altimate Medical Standing Products notar útvarpsgeislunarorku eingöngu fyrir innri virkni. Því er útgeislun vörunnar afar lítil og ólíklegt er að hún muni valda truflunum á nálægum rafeindabúnaði.
Útvarpsbylgjuútgeislun CISPR 11	Flokkur B	Altimate Medical stöðuvörur henta til notkunar í hvers kyns umhverfi, þ.m.t. á heimilum og á stöðum sem eru beintengdir við almennt lágspennurafveitukerfi sem leiðir orku til heimila.
Yfirsveifluútgeislun IEC 61000-3-2	Flokkur A	
Spennusveiflur/flóktandi útgeislun IEC 61000-3-3	Samræmist	

### Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - rafsegulónæmi

Altimate Medical stöðuvörur eru ætlaðar til notkunar í því rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér að neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi á Altimate Medical stöðuvörum ætti að fullvissa sig um að vörur séu notaðar í slíku umhverfi.			
Polprófun	IEC 60601 Prófunarstyrkur	Samkvæmnistig	Rafsegulumhverfi - Leiðbeiningar
Rafstöðuafhleðsla (Electrostatic Discharge - ESD) IEC 61000-4-2	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> ± 8 kV snerta ± 2 kV, ± 4 kV, ± 8 kV, ± 15 kV loft <b>Bantam Medium</b> ± 8 kV snerta ± 15 kV loft	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> ± 8 kV snerta ± 2 kV, ± 4 kV, ± 8 kV, ± 15 kV loft <b>Bantam Medium</b> ± 8 kV snerta ± 15 kV loft	Gólf skulu vera úr tré, steypu eða keramikflísum. Ef gólf eru þakin gerviefni, ætti hlutfallslegur raki að vera að minnsta kosti 30%.
Rafmagnsspenna hröð svipul/hrina IEC 61000-4-4	± 2 kV fyrir rafmagnssnúður frá afgangi ± 1 kV fyrir inntaks-/úttakssnúður	± 2 kV fyrir rafmagnssnúður frá afgangi ± 1 kV fyrir inntaks-/úttakssnúður	Rafveiturfarmagn þarf að vera sama og það sem notað er í dæmigerðu viðskipta- eða sjúkrahússumhverfi.
Höggspennubylgja IEC 61000-4-5	± 1 kV lína/línur í línu/línunum ± 2 kV lína/línur í jörð	± 1 kV lína/línur í línu/línunum ± 2 kV lína/línur í jörð	Rafveiturfarmagn þarf að vera sama og það sem notað er í dæmigerðu viðskipta- eða sjúkrahússumhverfi.
Spennudýfur, stuttar truflanir og spennubreytingar í rafmagnssnúðum frá afgangi IEC 61000-4-11	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> 0% UT; 0,5 lota At 0°, 45°, 90°, 135°, 180°, 225°, 270° og 315° 0% UT; 1 lota 70% UT; 25 og 30 lotur <b>Bantam Medium</b> <5% U <sub>T</sub> (>95% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 0,5 lotu 40% U <sub>T</sub> (60% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 5 lotur 70% U <sub>T</sub> (30% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 25 lotur <5% U <sub>T</sub> (>95% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 5 sek.	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> 0% UT; 0,5 lota At 0°, 45°, 90°, 135°, 180°, 225°, 270° og 315° 0% UT; 1 lota 70% UT; 25 og 30 lotur <b>Bantam Medium</b> <5% U <sub>T</sub> (>95% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 0,5 lotu 40% U <sub>T</sub> (60% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 5 lotur 70% U <sub>T</sub> (30% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 25 lotur <5% U <sub>T</sub> (>95% dýfa í U <sub>T</sub> ) í 5 sek.	Rafveiturfarmagn þarf að vera sama og það sem notað er í dæmigerðu viðskipta- eða sjúkrahússumhverfi. Ef notandi Altimate Medical stöðuvara þarfnast áframhaldandi notkunar meðan á rafmagnstruflunum stendur er mælt með því að Altimate Medical stöðuvörur séu knúnar með varaafgjafa eða rafhlöðu.
Raforkutiðni (50/60 Hz) segulsvið IEC 61000-4-8	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small/Small, Evolv, og Glider</b> 30 A/m 50 Hz og 60 Hz <b>Bantam Medium</b> 30 A/m	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small/Small, Evolv, og Glider</b> 30 A/m 50 Hz eða 60 Hz <b>Bantam Medium</b> 30 A/m	Segulsvið raforkutiðni ættu að vera á stigum sem eru einkennandi fyrir dæmigerðan stað í dæmigerðu viðskipta- eða sjúkrahússumhverfi.


ATHUGASEMD: U<sub>T</sub> er riðspenna rafveitu áður en spennuprófun fer fram.



## Leiðbeiningar og yfirlýsing framleiðanda - rafsegulónæmi

Altimate Medical stöðuvörur eru ætlaðar til notkunar í því rafsegulumhverfi sem tilgreint er hér að neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi á Altimate Medical stöðuvörum ætti að fullvissa sig um að vörur séu notaðar í slíku umhverfi.

**VIÐVÖRUN:** Ekki skal nota fartæki sem senda frá sér útvarpsbylgjur (þar með talin jaðartæki s.s. loftnetsnúru og utanáliggjandi loftnet) nær en sem nemur 30 cm (12 tommur) frá hvaða hluta stöðubúnaðarins sem er, að meðtöldum þeim snúru, sem framleiðandinn tilgreinir. Að öðrum kosti gæti dregið úr afköstum þessa búnaðar í kjölfarið.

Polprófun	IEC 60601 Prófunarstyrkur	Samkvæmnistig	Rafsegulumhverfi - Leiðbeiningar
Flutt útvarpstíðni IEC 61000-4-6	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> 3 V 0,15 MHz - 80 MHz 6 V fyrir ISM-tíðni (Industrial, Scientific and Medical) og áhugamannaútvarpstíðni á tíðnunum 0,15 MHz og 80 MHz 80% AM við 1 kHz <b>Bantam Medium</b> 6 Vrms (virk spennna) 150 kHz til 80 MHz	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> 3 V 0,15 MHz - 80 MHz 6 V fyrir ISM-tíðni (Industrial, Scientific and Medical) og áhugamannaútvarpstíðni á tíðnunum 0,15 MHz og 80 MHz 80% AM við 1 kHz <b>Bantam Medium</b> 6 Vrms (virk spennna)	Ekki má nota fartæki sem gefa frá sér útvarpsbylgjur nær neinum hluta EasyStand Glider en sem nemur ráðlagðri aðskilnaðarfjarlægð sem reiknuð er út frá þeirri jöfnu sem á við tíðni sendisins.  Ráðlögð aðskilnaðarfjarlægð $d = 1,2 \sqrt{P}$  $d = 1,2 \sqrt{P}$ 80 MHz til 800 MHz  $d = 2,3 \sqrt{P}$ 800 MHz til 2,5 GHz- <b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b>  $d = 2,3 \sqrt{P}$ 800 MHz til 2,7 GHz- <b>Bantam Medium</b>
Útgeisluð tíðni IEC 61000-4-3	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> 10 V/m  80 MHz til 2,7 GHz <b>Bantam Medium</b>	<b>Zing Size 2. Bantam Extra Small, Bantam Small, Evolv vörulínan og Glider vörulínan</b> 10 V/m  80 MHz til 2,7 GHz <b>Bantam Medium</b>	Þar sem $P$ er hámarks málútgangsafl sendisins í wöttum (W) samkvæmt framleiðanda sendisins og $d$ er ráðlögð aðskilnaðarfjarlægð í metrum (m).  Sviðsstyrkur frá föstum útvarpsbylgjusendum, eins og hann er ákvarðaður með rafsegulsvæðiskönnun <sup>a</sup> , skal vera innan við það samkvæmnistig sem tilgreint er fyrir hvert tíðnisvið. <sup>b</sup>
Nálægðarsviðin uppfylltu lágmarkskröfu í kafla 8.10 í IEC 60101-1-2	3 V/m 80 MHz til 2,7 GHz	3 V/m	Truflun getur komið fram í grennd við búnað sem merktur er með eftirfarandi tákni: 

ATHUGASEMD 1: Við 80 MHz og 800 MHz gildir hærra tíðnisviðið.

ATHUGASEMD 2: Hugsast getur að þessar leiðbeiningar eigi ekki við í öllum aðstæðum. Útbreiðsla rafsegulsviðs verður fyrir áhrifum frá frásogi og endurkasti frá mannvirkjum, hlutum og fólki.

<sup>a</sup> Ekki er hægt að spá fyrir um nákvæmni sviðsstyrks frá föstum sendum, svo sem grunnstöðum fyrir útvarpsenda (þráðlaust) síma og farsímakerfi á landi, áhugamannarútvarpsendingar, AM og FM útvarpsendingar og sjónvarpsútsendingar. Til að meta rafsegulumhverfi vegna fastra útvarpsenda þarf að kanna með að framkvæma rafsegulsvæðiskönnun. Ef mældur sviðsstyrkur á staðnum þar sem Altimate Medical stöðuvörur eru notaðar fer yfir viðkomandi samkvæmnistig fyrir útvarpstíðni sem tilgreint er hér að ofan, skal fylgjast með Altimate Medical stöðuvörinni til að staðfesta eðlilega virkni. Ef vart verður við óeðlilega frammistöðu, getur reynt þörf á frekari ráðstöfunum, svo sem að snúa eða flytja Altimate Medical stöðuvöruna.

<sup>b</sup> Yfir tíðnisviðinu 150 kHz til 80 MHz ætti styrkur sviðsins að vera innan við 3 V/m.

## Ráðlögð aðskilnaðarfjarlægð milli milli fartækja sem senda frá sér útvarpsbylgjur og Altimate Medical stöðuvara

Altimate Medical stöðuvörur eru ætlaðar til notkunar í rafsegulumhverfi þar sem höfð er stjórn á truflandi útvarpsgeislun. Viðskiptavinurinn eða notandi Altimate Medical stöðuvörunnar getur hjálpað til við að koma í veg fyrir rafsegultruflanir með því að viðhalda lágmarksfjarlægð milli fartækja sem senda frá sér útvarpsbylgjur (sender) og Altimate Medical stöðuvara samkvæmt ráðleggingum hér að neðan, í samræmi við hámarks útgangsafl fjarskiptabúnaðarins.

Hámarks málútgangsafl sendisins W	Aðskilnaðarfjarlægð samkvæmt tíðni sendis m		
	150 kHz til 80 MHz $d = 1,2 \sqrt{P}$	80 MHz til 800 MHz $d = 1,2 \sqrt{P}$	800 MHz til 2,5 GHz $d = 2,3 \sqrt{P}$
0,01	0,12	0,12	0,23
0,1	0,38	0,38	0,73
1	1,2	1,2	2,3
10	3,8	3,8	7,3
100	12	12	23

Fyrir senda sem eru metnir með hámarks útgangsafl sem ekki er talið upp hér að ofan, má meta ráðlagða aðskilnaðarfjarlægð  $d$  í metrum (m) með jöfnu sem gildir um tíðni sendisins, þar sem  $P$  er hámarks málútgangsafl sendisins í wöttum (W) samkvæmt framleiðanda sendisins.

ATHUGASEMD 1: Við 80 MHz og 800 MHz gildir hærra tíðnisviðið.

ATHUGASEMD 2: Hugsast getur að þessar leiðbeiningar eigi ekki við í öllum aðstæðum. Útbreiðsla rafsegulsviðs verður fyrir áhrifum frá frásogi og endurkasti frá mannvirkjum, hlutum og fólki.

# Mátunarleiðbeiningar-Bantam Extra Small og Small-Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.

## Fótplötur

Mældu fjarlægðina frá mjöðm notanda og niður á neðsta hluta fólegs fyrir aftan hnéd. (A)

Áður en barnið er komið í stöðubúnaðinn skaltu losa klemmurnar (ekki fjarlægja) á fótplötunum og aðlaga að hæðinni sem mæld var frá fótplötu að sætishæð. (A) Hertu vel.

⚠ **Varúð:** Ekki aðlaga sætisdýptina á meðan að barnið er í einingunni.

⚠ **Varúð:** Gakktu úr skugga um að litirnir á sætiströrinu og fylgiarmi passi saman.

Mældu fjarlægðina frá hnésbót að svæði aftan á rassinum. (B)

Fjarlægðu Shadow Tray bakkann og færðu horn sætisins upp örlítið. (B)

Notaðu eftirfarandi þrep til að aðlaga sætisdýptina. Notaðu mælinguna B frá framhlið sætis að sætisbaki. (B)

1. Losaðu um hnappana á sætiströrinu og fylgiarminum. Ekki skrúfa hnappana alla leið þegar sætið er stillt. (C)

Fylgiarmsstillinga (bakhorn) fyrir **Bantam Extra Small** eru staðsettar fyrir ofan læsihnappinn. Stilling bakhornsins fer frá grænu (stærst) yfir í blátt (minnst). (C)

Fylgiarmsstillinga (bakhorn) fyrir **Bantam Small** eru staðsettar fyrir neðan læsihnappinn. Stilling bakhornsins fer frá bláu (minnst) yfir í grænt (stærst). (C)

2. **Stilla á styttri stillingu:** Aðlagaðu fylgiarm (bakhorn) fyrst með því að ýta á fjaðurhnappinn og hreyfðu ekki um meira en tvö göt í senn í átt að bláu stillingunni. (F)



3. Aðlagaðu sætiströrið (sætisdýpt) eitt gat í senn. Haltu áfram í þessari röð þar til þú hefur náð þeirri stillingu sem óskað er eftir og litirnir á sætiströrinu og fylgiarminum passa saman, í átt að bláu stillingunni. (D)

4. **Aðlögun að lengri stillingu:** Aðlagaðu sætiströrið (sætisdýptina) fyrst með því að ýta á fjaðurhnappinn og hreyfa aðeins um eitt gat í senn. (D)

5. Ekki aðlaga fylgiarm (bakhorn) um meira en tvö göt í senn. Haltu áfram í þessari röð þar til þú hefur náð þeirri stillingu sem óskað er eftir og litirnir á sætiströrinu og fylgiarminum passa saman. (E)

*Athugasemd: Til að auðvelda aðlögunina gæti þurft að lyfta sætinu örlítið þegar verið er að aðlaga sætisdýptina.*


Festu sætisdýptina og fylgiarmshnappana þétt eftir að þú hefur náð þeirri stöðu sem óskað er eftir.



**Skoðaðu stöðugrindina þína reglulega til að tryggja að hún sé í öruggu rekstrarástandi**

## Mæling

Áður en þú ferð í Bantam medium skaltu mæla fyrir áætlaðri sætisdypt. Mældu frá hnésbót að afturhluta (A). Mældu frá sæti að fótplötustillingum með því að mæla frá því neðst á fæti bak við hné og niður undir hælinn (B).



Ef baklegu valkostur var pantaður skaltu ganga úr skugga um að stjórnandi sé í „Sit-to-Stand“ (sitjandi-í-standandi) stöðu áður en sætisdypt er stillt (C). Sætið ætti að lækka í sitjandi stöðu til að auðveldara sé að stilla það.

## Sætisdypt

Notaðu mælingu (A) til að aðlaga sætisdyptina á stöðubúnaðinum, mældu frá framhlið sætisins og að afturhlið.

Til að aðlaga sætisdyptina skaltu losa hnappinn undir sætinu (D). Með annarri hendinni skaltu styðja við bakið (ef það er útbúið) og ýta á fjöðurhnappinn utan á vinstri hlið sætisrörsins undir sætinu (E). Notaðu bakið sem lyftistöng og færðu sætisdyptina að þeirri stillingu sem óskað er eftir með því að fylgja litnum. Hertu hnappinn vandlega (D).

Vertu viss um að styðja við afturhlutann með annarri hendinni (F). Losaðu um hnappinn á fylgiarmi (G). Á meðan önnur hending styður við afturhlutann skaltu ýta gráu stimpilstönginni í miðju hnappsins þar til hún er að fullu opin (H). Haltu síðan áfram að losa hnappinn þar til þú finnur fyrir viðnámi. EKKI halda áfram að snúa hnappnum rangsælis. Að þvinga hnappinn framhjá stoppinu mun skemma vélbúnaðinn.

⚠ **Varúð:** Gakktu úr skugga um að önnur höndin styðji við afturhlutann, ef gráu stimpilstönginni er snúið mun afturhlutinn hreyfast frjálst.

Notaðu bakið sem lyftistöng og aðlagaðu fylgiarm þannig að liturinn á sætisdyptarmerkinu passi við litinn á fylgiarmi í vísisglugganum. Slepptu til að loka gráu stimpilstönginni til að festa læsingastimpilinn aftur í klemmuhnappinn. Þú gætir þurft að herða hnappinn að hluta til og hreyfa afturhlutann lítillega til að læsipinninn komist í „home“ (heima) stöðu. Hertu hnappinn vel.

## Bakhorn


Eftir að þú hefur náð tilætlaðri sætisdypt, snúðu aðlögunarhnappnum á bakhorninu (I) þannig að sæti/bak sé við rétt horn.

## Fótplötur

Notaðu (B) mælinguna til að aðlaga hæð fótplötunnar. Losaðu skrallhandföngin (J) á fótplötunum til að aðlaga hæð og iljar/bak. Hertu skrallhandföngin eftir að hafa staðsett þau. Hnén ættu að vera örllítið neðar en mjöðmin og fæturnir eiga að hvíla á sætinu.

## Hnépúðar

Staðsettu mjaðmir notandans eins nálægt mjaðmasnúningsásnum (K) og hægt er. Settu hnépúðana yfir hnén og skildu ekki eftir meira pláss á milli hnésbótar og sætisins (L) en sem nemur einum fingri. Festu hnén vandlega (M).



# Mátunarleiðbeiningar-Evolv Medium, Large og XT - Glider Medium og Large

Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.

## Mæling

1. Áður en þú flytur þig yfir í Evolv búnaðinn skaltu mæla út (A) sætisdypt og fjarlægð frá sæti til (B) fótplötustillinga.

⚠ **Varúð:** Þessar breytingar er aðeins hægt að gera þegar einingin er mannlaus.

## Sætisdýpt

2. Notaðu ofangreinda mælingu (A) til að aðlaga sætisdyptina á stöðubúnaðinum, mældu frá framhlið sætisins og að afturhlið. Til að aðlaga sætisdyptina skaltu losa hnappinn undir sætinu (C). Þrýstu smellið hnappinum á aðlögunarörrið á meðan þú hreyfir bakið (D). Aðlagðu sætisdypt þar til réttari mælingu hefur verið náð. Hertu hnappinn (C) eftir aðlögun.

⚠ **Varúð:** Eftirfarandi breytingar á aðeins að gera í sitjandi stöðu.

## Bakhorn

3. Eftir að þú hefur náð tilætlaðri sætisdypt skaltu snúa aðlögunarhnappnum á bakhorninu (E) þannig að (F) vísirinn fyrir sætis-/bakhorn sé á græna svæðinu áður en þú stendur.

*Athugasemd: Endurtaktu skref 2 og 3 fyrir hverja litastillingu.*

## Fótplötur-Evolv

4. Notaðu (B) mælinguna til að aðlaga hæð fótplötunnar. Losaðu (G) skralhandföngin á fótplötunum til að aðlaga hæð og iljar/bak. Hertu skralhandföngin eftir að hafa staðsett þau. Hnén ættu að vera aðeins lægri en mjöðmin (H).

## Fótplötur-Glider

5. Notaðu (B) mælinguna til að aðlaga hæð fótplötunnar. Losaðu (G) hnappana á fótplötunum til að aðlaga hæðina. Hertu hnappana eftir staðsetningu. Hnén ættu að vera aðeins lægri en mjöðmin (H).

## Staðsetning


5. Staðsettu mjaðmir notandans eins nálægt (I) Evolv mjaðmasnúningsásnum og hægt er. Til að ákvarða rétta staðsetningu á Evolv ættu aðeins tveir fingur að komast á milli framhluta sætis og hnésbótarinnar (J).

## Hnépúði-Evolv


6. Aðlagðu (K) hnépúðann svo hann falli þægilega að hnjánum.

## Hnépúði-Glider


6. Smeygðu þér í hnépúðana (J) og festu kálfaböndin fyrir aftan hnén.




(A)



(B)




(C)



(D)



(E)




(F)




(G) Evolv




(G) Glider




(H)



(I)



(J) Evolv



(K) Evolv



(K) Glider

Skoðaðu stöðugrindina þína reglulega til að tryggja að hún sé í öruggu rekstrarástandi

# Mátunarleiðbeiningar-StrapStand-*Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.*

1. Til að nota StrapStand skaltu staðsetja hjólastólinn sem næst hnépúðanum. Hjólin á StrapStand eiga að vera læst.


2. Settu fæturnar á fótplötturnar. Aðlagðu hæð hnépúða svo hnén séu fyrir miðju hnépúðans. Eftir að hafa læst hjólastólnum skaltu renna þér áfram á sætinu þannig að hnén snerti hnépúðann.

3. Hengdu ólina á annan lyftiarminn og dragðu hina hliðina utan um líkamann. Hengdu svo ólina á hinn lyftiarminn.

4. Eftir að hafa fest ólina við lyftiarmana er hægt að aðlaga stöðu krókana. Hægt er að aðlaga ólina til að koma til móts við notendur af mismunandi stærðum. Þetta er breytilegt eftir stærð ólar og ummáli notanda.

5. Aðlagðu staðsetningu ólarinnar undir rasskinnunum þannig að efri brún ólarinnar sitji rétt undir beltislínunni. Renndu því á sinn stað eins og sýnt er.

6. Lyftu notandanum að hluta til með því að pumpa handfang hreyfisins í átt að notandanum til að spenna ólina. Þarna er hægt að stilla ólina betur af eftir þörfum. Haltu áfram þar til notandinn er í standandi stöðu. Hjólastóll notandans ætti að vera í sömu stöðu og vera til taks þannig að notandinn geti snúið aftur í sitjandi stöðu.



## Mátunarleiðbeiningar-Zing Size 1 og Zing Size 2

*Lestu allar leiðbeiningar vandlega áður en byrjað er að stilla búnaðinn af.*

### Miðjusetning mjaðmarinnar (A):


Mjöldm notandans ætti að vera fyrir miðju í samræmi við snúningsstað stöðubúnaðarins til að tryggja rétta mjaðmastöðu þegar fráfarslu er beitt, aðlagðu síðan stuðningsíhluti upp eða niður miðað við mjaðmastöðu.

### Hæð fótplatna (B):

Mældu fjarlægðina frá mjöldm notanda og niður á il.

### Hæð hnépúða (C):

Mældu fjarlægðina frá mjöldm notanda og niður á mitt hné.



# Viðhald

Þessi hluti á við alla einstaklinga sem geta átt við búnaðinn, þar á meðal meðferðaraðilar, umönnunaraðilar og viðgerðaraðilar.

Nauðsynlegt er að skoða Altimate Medical stöðuvörur þína að minnsta kosti vikulega til að tryggja að hún sé í öruggu rekstrarástandi. Eingöngu rekstraaraðili fyrir þær Altimate Medical stöðuvörur sem taldar eru upp í notkunarleiðbeiningunum mega sinna stillingum á vörumum í samræmi við notkunarleiðbeiningar. Að stillingu lokinni skaltu skoða Altimate Medical stöðuvörur til að tryggja að allar vélbúnaður og stillanlegir íhlutir séu tryggilega og rétt festir samkvæmt notkunarleiðbeiningunum. Viðurkenndur birgji eða þjónustumiðstöð skal annast endurnýjun á slitnum hlutum, meiriháttar stillingar eða aðrar mikilvægar leiðréttingar. Eingöngu má nota viðurkennda varahluti frá Altimate Medical, Inc. til að tryggja öryggi og afköst.

- Athugaðu Altimate Medical Standing Products að minnsta kosti vikulega til að tryggja að allar hnetur, boltar og stillanlegir hlutar séu tryggilega festir. Þetta er til að koma í veg fyrir að hlutar detti af og valdi köfnunarhættu hjá börnum.

## Prif/hreinsun

- Eingöngu regluleg hreinsun, sjúklingur þarf ekki að annast neitt annað viðhald.
- Haltu einingunni hreinni og verðu hana gegn ló, ryki og sólarljósi
- Hreinsaðu eininguna með mildu sótthreinsiefni sem ekki er slípiefni eða sápu og vatni.
- Ekki nota bleikiefni eða önnur hreinsiefni sem innihalda bleikiefni á EasyStand.
- Óhætt er að nota sótthreinsandi klúta á mála og ógljúpa fleti.
- Notaðu rakan svamp með mildri sápu eða með mildu sótthreinsiefni sem ekki er slípiefni.
- Blettahreinsaðu gervigúmmifleti með mildri sápu og vatni.
- Gervigúmmihlífur má fjarlægja og handþvo með vatni. Loftþurrkaðu hlífarnar. Farðu alltaf gætilega þegar hlífur eru fjarlægðar og festar aftur á.
- Ekki þurrhreinsa nein áklæði.
- Ef EasyStand er notað af einum notanda skal þrifa tækið mánaðarlega eða eftir þörfum.
- Ef EasyStand er notað af fleiri en einum notanda ætti að þrifa eininguna eftir hverja notkun.

## Úretanhúðað efni (Dartex eða sambærileg vara)

- Fylgja skal ráðleggingum um hreinsun og sótthreinsun hvenær sem hægt er, til að forðast skemmdir á pólýúretanhimnu sem gæti leitt til ótímabærra skemmda á hlífinni.
- Notaðu einnota þurrkur og heita lausn með hlutlaust þvottaefni til að þrifa óhreinindi á yfirborðsflötum. Ekki nota slípiefni.
- Sótthreinsaðu með 0,1% natriumhypóklórítlausn (1000 ppm klór), ekki er ráðlagt að nota sterkari bleikilausnir.
- Skolið burt allar leifar af hreinsilausnum með vatni og þurrkið efnið áður en það er notað aftur eða látið í geymslu.
- Ekki strauja.

## Upplýsingar um latex

- Engir íhlutir búnaðarins eru gerðir úr latexí, né úr náttúrulegu gúmmílatexi og því mega þeir komast í beina snertingu við húð.

## Viðhald vökvahreyfis

- Upphaflegt notkunartímabil, sem er um það bil 50-100 heilar lotur, er eðlilegt fyrir vökvakerfiseininguna. Mjög þéttar festingar á þöruðum hlutum þýðir að hver dæla er með sýna „áferð“ þegar hún er fyrst tekin í notkun og einkennandi hljóð, sem einkennast af tísti eða slögum sem eru ekki mjög lipur.
- Ef olía lekur úr dæluinni eða heldur olíu ekki nægilega vel skaltu hafa samband við EasyStand söluaðila þinn til að fá hana endurnýjaða.
- Hvorki beita of miklum krafti á dæluhandfangið né nota dæluhandfangið til að færa Altimate Medical stöðuvörur. Þetta getur valdið skemmdum á dæluhandfangi og/eða dælukerfinu og ógildir alla ábyrgð.
- Hvorki er þörf á viðhaldi notanda né er mælt með því fyrir vökvadæluna. Aldrei má nota smurefni, heimilisolíu, fitu eða álíka efni á neina hluta einingarinnar. Efnahvörf geta orðið á milli sumra efnasambanda og þeirra þéttiefna sem notuð eru við framleiðslu þessarar vöru. Þetta getur skemmt eininguna og ógildir alla ábyrgð.
- Ekki fara yfir metin þyngdarmörk.
- Ef EasyStand varan var send og var flutt í hitastigi undir 5 °C (41 °F) verður vökvakerfið að fá að ná stofuhita fyrir notkun. Ef þessu þrepi er ekki fylgt, getur það valdið skemmdum á einingunni og gert hana ónothæfa.
- Þegar standandi stöðu er náð getur dælan farið aftur um eitt slag, þetta er eðlilegt.
- Það er ekki alltaf nauðsynlegt að ýta dæluhandfanginu alla leið aftur til að lækka sætið. Reyndu að ýta handfanginu aftur í mismunandi stöður ef erfitt er að lækka sætið.
- Ef einingin er í standandi stöðu og mannlaus, er nauðsynlegt að þrýsta á sæti einingarinnar meðan þú ýtir dæluhandfanginu til baka.

## Hreinsun vökvahreyfis

Miklar líkur eru á að loft festist í innri búnaði EasyStand vökvadælu einingarinnar. Þetta stafar vanalega af meðhöndlun í flutningi og er alveg eðlilegt. Fylgdu þessum einföldu þrepum hér að neðan, þar sem handvirk vökvakerfi geta aldrei virkað rétt nema loftið sem er fast inn í kerfinu sé tæmt burt með réttum hætti. Einingin verður að vera við stofuhita fyrir þessa aðgerð.

- Pumpaðu handfanginu þar til fullri framlenging er náð.
- Haltu áfram að pumpa handfanginu hægt í 10 slög til viðbótar. Þetta mun hreinsa kerfið að fullu.

# Endurnotkun

- Áður en hægt er að endurselja vöruna eða endurnýta hana, þurfa sérhæfðir söluaðilar lækningatækja að skoða hana og hreinsa/sótthreinsa. Skipta þarf um alla slitna íhluti sem sýna merki um slit á efni. Söluaðili lækningatækja mun ákvarða hvort varan sé óhæf til sölu eða endurnotkunar. Athugasemd: væntanlegur endingartími Altimate Medical stöðuvara er talinn 5 ár við venjuleg notkunarskilyrði.  
*Athugasemd: þetta getur verið breytilegt eftir notkunartíðni.*

# Alvarleg atvik

- Ef alvarlegt atvik á sér stað í tengslum við stöðutækið þitt, skaltu tilkynna það til Altimate Medical. Ef þú getur ekki tilkynnt það til Altimate Medical með beinum hætti, getur þú tilkynnt þetta til söluaðila lækningatækja sem mun síðan tilkynna atvikið til Altimate Medical. Tilkynntu einnig atvikið til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem þú ert staðsett(ur).

# Bilanagreining

Neðri hlut fótlegsins er of stuttur fyrir stöðubúnaðinn. Snúðu við og vixlaðu fótplötunum frá vinstri til hægri. Evolv stórt: Skiptu stóru fótfestingunum út fyrir miðlungs fótfestingar.

Annar armurinn á bakkanum mínum er styttri en hinn, er þetta eðlilegt? Já, þetta er hannað þannig að þú getir samstillt lengri arminn fyrst, síðan styttri arminn.

Við vorum að fá Bantam og á bakkanum er skyndipinni til að festa bakkann á sinn stað, en það eru tveir boltar festir á hvorri hlið. Er ætlunin að ég noti boltana til að festa bakkann á sinn stað? Boltarnir og rærnar eru notaðar til að marka dýpt bakkans. Þú getur fært þau í hvaða göt sem eru á aðlögunararmi bakkans, eftir því hvaða manneskja er að nota eininguna. Til að nota skaltu fjarlægja þau úr bakkanum, staðsetja bakkann með rétta dýpt og setja boltana og rærnar síðan aftur í gatið sem er næst efasta hluta bakkans. Þetta mun stoppa armana í réttu dýpt þannig að það verði auðveldara og fljótlegra þegar þú festir bakkann. Til að festa bakkann eru tveir skyndipinnar festir við snúrur beggja vegna einingarinnar. Athugaðu báðar hliðar til að ganga úr skugga um að báðir séu þar. Stundum munu þeir hreyfast til í flutningum, þannig að við fyrstu sýn er aðeins önnur hliðin sýnileg.

EasyStand búnaðurinn minn fer ekki í fulla standandi stöðu: Frá og með júní 2011 er EasyStand (eingöngu handvirk vökvadæla) búin öryggiseiginleika til að koma í veg fyrir ofhreyfingu á lyfti-/fylgibúnaði armsins ef ske kynni að bakhornið yrði rangt stillt og gæti því sveiflast lengra en sem nemur því horni sem ráðlagt er. Einingin nær ekki fullri standandi stöðu nema bakhornið sé stillt innan græna sviðsins í sitjandi stöðu. Sjá blaðsíðu 41 fyrir viðeigandi leiðbeiningar.

EasyStand búnaðurinn minn losnar ekki almennilega úr standandi stöðu í sitjandi stöðu:

- Reyndu að ýta handfanginu aftur í mismunandi stöður; ekki aðeins ýta dæluhandfanginu af krafti í eina stöðu.
- Þyngd á sætinu er nauðsynleg til að einingin lækki almennilega; ef einingin er mannlaus eða notandinn hallar sér fram og án þess að nægileg byngd dreifist yfir sætið, skaltu beita þrýstingi með hendinni aftan á sætið meðan þú ytir aftur á dæluhandfangið.
- Gakktu úr skugga um að bakhornið sé rétt stillt, því ef bakhornið hallar of langt fram á við eða aftur á bak gæti verið að einingin nái ekki að lækka sig rétt. Aðlagaðu bakhornið að 90 gráðum svo það losni rétt.

Vökvakerfið virkar ekki vel, það lekur ekki olíu en virkinn er rýsjótt: Þegar einingin er mannlaus skaltu dæla alveg þar til hún er í standandi stöðu. Þegar sætið er í standandi stöðu skaltu dæla 12 til 15 slögum til viðbótar til að losa út loft og dreifa vökvænum. Dragðu dæluhandfangið til baka til að koma sætinu aftur í sitjandi stöðu, þú getur beitt þrýstingi með hendi aftan á sætinu meðan þú ytir dæluhandfanginu aftur. Í flestum tilfellum mun hreinsun á vökvadælunni eyða út rýsjóttu virkni.

Evolv sætið mitt fer ekki alla leið niður í sitjandi stöðu: Gættu að fjórum aðalboltum grindarinnar sem festa framhlutann við afturhlutann. Algengast er að nýrmaalaga dælufestingarnar séu ekki rétt og tryggilega festar. Þær eru staðsettar fyrir ofan grindarboltana með opið gat sem boltarnir eiga að ganga í gegnum. Þetta stillir af hornið / hækkar dæluna og gerir einingunni ekki kleift að færast alla leið í sitjandi stöðu. Fjarlægðu aðalboltana og vertu viss um að þeir gangi í gegnum framgrindina, afturgrindina og dælufestingarnar.

Evolv Pow'r Up Lift: Gakktu úr skugga um að snúrurnar séu að fullu inni í rafhlöðukassanum. Kraginn á snúrurum þýðir að það þær passa mjög þétt inn í kassann. Aftengdu snúrurnar og stingdu þeim aftur í með því að ýta þéttingsfast.

Evolv með sveigjanlegri virkni: Fjarlægðu skyndipinnann og færðu kragann einfaldlega yfir á gagnstæða hlið framhjá grindinni og sveiflaðu út á við.

Shadow Tray er ekki í jafnri hæð: Ef Shadow Tray hallast fram eða aftur skaltu aðlaga bakhornið. Ef bakkinn hallast frá hægri til vinstri skaltu aðlaga stilliskrúfunna á stuðningsarminum til að jafna stuðningsarminn.

Hvernig á að nota snúningssætið: Ýttu stönginni undir sætinu upp og snúðu sætinu 90° til hægri eða vinstri eða þar til það læsist á sinn stað. Færðu þig yfir í sætið og ýttu stönginni upp til að aflæsa og snúa henni í framstöðu.

Hvernig get ég vitað hvort ég sé með Evolv Medium eða Large/XT: Mældu sætið. Framhlið að afturhlið: XT/Large er 56 cm (22 tommur); Medium eru 46 cm (18 tommur)

Hvernig panta ég hluta: Hafðu samband við söluaðila lækningatækja og hafðu raðnúmerið tiltækt. Ef söluaðili lækningatækja á staðnum er ekki þekktur skaltu hringja í þjónustuver Altimate Medical, (800) 342-8968 og hafa raðnúmerið tiltækt.

# Takmörkuð ábyrgð

Þessi ábyrgð nær aðeins til upphaflegs kaupanda/viðskiptavinar (eða birgja sem ekki er neytandi sem er ekki að kaupa eða endurselja). Altimate Medical, Inc., ábyrgist að EasyStand og Zing vörurnar séu lausar við efnis- og framleiðslugalla eins og greint er frá hér að neðan.

- Stálgrindur - 5 ára ábyrgð
- Vökvahreyfir - 2 ára ábyrgð
- Gasfjöldur - 2 ára ábyrgð
- Bólstraðir íhlutar, plastpúðar, gúmmihlutar, máluðu yfirborð, legur og aðrir hlutar sem ekki eru sérstaklega tilgreindir hér að ofan - 90 daga ábyrgð

## Ábyrgð á hlutum fyrir rafknúna lyftu er sem hér segir:

- Hreyfirinn og handbendillinn - 2 ára ábyrgð
- Stjórnkassi og rafhlæða - 90 dagar
- Hleðslutæki fyrir rafhlæðu - 90 dagar

Ábyrgðartímabilið hefst daginn sem varan er upphaflega send frá Altimate Medical. Allar vörur sem hægt er að sýna fram á við Altimate Medical að sé ábótavant og falli innan ábyrgðartímabilsins, er Altimate skylt að gera við eða skipta um eins og Altimate Medical hugnast.

EINA SKYLDA ALTIMATE MEDICAL OG EINA ÚRRÆÐIÐ SEM ÞÉR BÝÐST SAMKVÆMT ÞESSARI ÁBYRGÐ TAKMARKAST VIÐ SLÍKAR VIÐGERÐIR OG/EDA ENDURNÝJUN. Þessi ábyrgð nær ekki til neins launakostnaðar vegna uppsetningar á varahlutum. Fraktgjöld til verksmiðju eru á kostnað neytanda til seljanda. Fraktgjöld við vöruskil eru fyrirframgreidd af Altimate Medical. Í tengslum við ábyrgðarþjónustu skaltu hafa samband við viðurkenndan birgja sem seldi þér Altimate Medical vöruna. Ef þú færð ekki fullnægjandi ábyrgðarþjónustu skaltu upplýsa Altimate Medical um það skriflega og senda á heimilisfangið hér að neðan. Ekki má skila vörum til verksmiðjunnar án fyrirfram heimildar.

TAKMARKANIR OG ÚTILOKANIR: Framangreind ábyrgð á ekki við um raðnúmeraðar vörur ef raðnúmerið hefur verið fjarlægt eða eyðilagt. Vörur sem sæta vanrækslu, misnotkun, illri meðferð, óviðeigandi notkun, óviðeigandi viðhaldi, óviðeigandi geymslu eða skemmdum sem Altimate Medical hefur enga stjórn á falla ekki undir þessa ábyrgðarlýsingu og ábyrgðarmat mun alfarið vera í höndum Altimate Medical. Vörum sem er breytt án skriflegs samþykkis Altimate Medical (þar með taldar, en takmarkast ekki við, breytingar við notkun óheimilaðra íhluta eða fylgibúnaðar) falla ekki undir þessa ábyrgð. Ábyrgðin gildir ekki um vandamál sem rekja má til eðlilegs slits eða ef ekki er farið eftir leiðbeiningum. Ef hlutum sem ekki eru framleiddir af Altimate Medical er bætt við Altimate Medical vöru eða hlutum sem eru ekki í samræmi við upprunalegar tæknilysingar tækisins, ógildir það ábyrgðina.

OFANGREIND ÁBYRGÐ ER TÆMANDI OG KEMUR Í STAÐ ALLRA ANNARRA ÁBYRGÐA. ALTIMATE MEDICAL BER ENGA ÁBYRGÐ Á NEINUM AFLEIDDUM EDA TILFALLANDI SKAÐA AÐ NOKKRU LEYTI.

Altimate Medical aðhyllist stefnu um stöðuga endurbætur á vörum sínum og áskilur sér rétt til þess að breyta eiginleikum, tækniforskrift og verði vörurnar án þess að tilkynna um slíkt fyrirfram. Hafðu samband við Altimate Medical til að fá nýjustu upplýsingar.

## Umhverfismál

Eftir líftíma vörunnar:

- Vöruna skal endurvinnna í samræmi við endurvinnslureglur í þínu landi.
- Það skal endurvinnna alla málmhluta.
- Plasthlutum skal farga eða endurvinnna í samræmi við tilskipanir í þínu landi.
- Afliðu upplýsinga hjá förgunar- og endurvinnslustöðinni á staðnum varðandi reglugerðir á staðnum.
- Skilaðu vökvahreyfinum og dempunarhólkinum (á aðeins við um Pow'r Up) til Altimate Medical, Inc.

# AltimateMedical

262 West 1st St.

Morton, MN 56270 USA

Gjaldfrjálst númer: +1-800.342.8968 eða +1-507.697.6393

Faxnúmer (án endurgjalds): 877.342.8968 eða 507.697.6900

Netfang: info@easystand.com

easystand.com

Vertreter der Aufsichtsbehörde in der EU

Medical Product Service GmbH

Borngasse 20

35619 Braunfels

Deutschland



ICELAND

Stöðutæknibúnað ætti aðeins að nota með leiðsögn lækis sem fylgir ráðleggingum um aðferðarlýsingar fyrir stöðukerfið og fylgir öllum lækisfræðilegum varúðarráðstöfunum. Stöðukerfi skulu sæta eftirliti þess meðferðaraðila sem er ábyrgur fyrir umönnuninni. Altimate Medical aðhyllist stefnu um stöðuga endurbætur á vörum sínum og áskilur sér rétt til þess að breyta eiginleikum, tækniforskrift og verði vörurnar án þess að tilkynna um slíkt fyrirfram. Hafðu samband við Altimate Medical til að fá nýjustu upplýsingar.

FORM MANAEVM 032521 REV A Höfundarréttur © 2021 Altimate Medical, Inc. Öll réttindi áskilin. Prentað í Bandaríkjunum.

